

Mál nr. 395/2017

M og
váttryggingafélagið V vegna starfsábyrgðartryggingar byggingarstjórans B og hönnuðarins H.

**Ágreiningur um skaðabótaábyrgð hönnuðar og byggingarstjóra vegna vinnu þeirra við
húseignina X.**

Gögn.

Málskot málskotsaðila, móttekið 6.12.2017, ásamt fylgiskjöllum.

Bréf V, dags. 11.12.2017

Málsatvik.

Í september 2017 aflaði M skoðunargerðar um ástand húseignarinnar X. Laut skoðunargerðin að nokkrum húshlutum, einkum ytra byrði hússins, gluggum og svölum. Með vísan til skoðunargerðarinnar var með bréfi dags. 6. desember 2017 krafist bóta af hálfu M úr starfsábyrgðartryggingu B og H hjá V, vegna galla á húseigninni og óvandaðra vinnubragða B og H við byggingaframkvæmdirnar. Lokaúttekt byggingarfulltrúa fór fram 6. desember 2012.

V vísar til þess að H sé ekki með starfsábyrgðartryggingu löggilta hönnuða aðal- og séruppdrátta hjá félaginu. Einnig vísar V til þess að skoðunargerðin hafi takmarkað sönnunargildi þar sem henni var aflað einhliða og án vitneskju V, auk þess sem orsakir einstakra annmarka séu ekki tilgreindar í henni. Þá vísar V til þess að í kröfubréfi M komi ekki fram í hverju vanrækslan, og þar með skaðabótaábyrgð byggingarstjóra eigi að felast.

Álit.

V heldur því fram að H hafi ekki verið með í gildi starfsábyrgðartryggingu hjá félaginu vegna starfa sinna sem hönnuður húseignarinnar. Þá verður ekki ráðið af gögnum málsins hvort að H hafi haft í gildi starfsábyrgðartryggingu hjá V. Af þeim sökum og með vísan til þess að engin gögn hafa verið lögð fram sem sýnt gætu fram á að H hafi haft í gildi starfsábyrgðartryggingu hjá V, svo sem skráning hönnuðar hjá byggingaryfirvöldum, verður að líta svo á að H hafi ekki haft í gildi starfsábyrgðartryggingu hjá V. Í 1. mgr. 3. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsingu um samþykktirnar nr. 1090/2015, kemur fram að nefndin úrskurði um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu milli málskotsaðila og váttryggingafélags sem hefur starfsleyfi hér á landi. Þar sem ekki hefur verið sýnt fram á að H hafi haft í gildi starfsábyrgðartryggingu hjá V telur úrskurðarnefnd í váttryggingamálum að krafa M á hendur V heyri ekki undir starfssvið nefndarinnar og er málinu vísað frá.

Þegar tekið er mið af fyrirbyggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu byggingastjórans B. Ósannað er m.v. fyrirbyggjandi gögn að hann hafi vanrækt starfsskyldur sínar og að bygging húseignarinnar hafi verið ófullnægjandi.

Niðurstaða.

Vísað er frá kröfu M á hendur H. M eiga ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík 16. janúar 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Jón Magnússon hrl.